



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík, 7. september 2026
USK26090081

Umsögn um tillögu um framtíðarskipulag heilbrigðiseftirlits á höfuðborgarsvæðinu

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar barst til umsagnar eftirfarandi tillaga fulltrúa Vinstrisins sem lögð var fram í borgarráði þann 16. júlí sl., mál MSS260035:

„Fulltrúi Vinstrisins leggur til að borgarstjóra verði falið að hefja viðræður við nágrannasveitarfélögin um stofnun sameiginlegrar skrifstofu eða embættis fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem gæti tekið að sér að halda utan um og sinna þeim málaflokkum gamla heilbrigðiseftirlitsins sem ekki munu færast undir Umhverfis- og orkustofnun.“

Eftirfarandi er umsögn umhverfis- og skipulagssviðs. Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu en það hefur dregist vegna sumarleyfa á sviðinu.

Stofnaður hefur verið starfshópur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Seltjarnanesbæjar og Mosfellsbæjar og sömu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Er starfshópnum m.a. ætlað að greina þau verkefni sem eftir standa hjá sveitarfélögunum þegar heilbrigðiseftirlit færist til ríkisins, umfang verkefnanna, mannaflapörf, kostnað og hvar þeim verður best fyrir komið. Þá er hópnun einnig ætlað að skoða hagkvæmni og hagræði af því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi með sér samstarf á þessu sviði og í hvaða formi það skuli þá vera. Lagðar verða fram tillögur/sviðsmyndir fyrir sveitarfélögin til ákvörðunar. Vinnu hópsins skal lokið fyrir 1. október nk.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Benedikt Friðriksson
Skrifstofa umhverfisgæða
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík